

**3261. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
7. september 2015 og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Adolfsson formaður, Valdís Eyjólfsdóttir varaformaður, Ingibjörg  
Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg  
Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bærarstjóri og Steinar Dagur  
Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1505022 - Rekstrarstaða Akraneskaupstaðar 2015**

Sex mánaða uppgjör Akraneskaupstaðar frá 1. janúar til 30. júní 2015 lagt fram.  
Andrés Ólafsson fjármálastjóri og Sigmundur Ámundason deildarstjóri  
bókhaldsdeildar mæta á fundinn.

*Rekstrarniðurstaða samstæðu Akraneskaupstaðar er jákvæð um 12 mkr. og er í  
samræmi við fjárhagsáætlun.*

*Rekstrarniðurstaða A- hluta eftir 6 mánuði er jákvæð um 88 mkr. sem er um 29  
mkr. betri niðurstaða en áætlunin gerði ráð fyrir.*

*Rekstrarniðurstaða B- hluta eftir 6 mánuði er neikvæð um 76 mkr. sem er um 28  
mkr. lakari afkoma en áætlunin gerði ráð fyrir. Helstu skýringar á frávikinum eru  
auknar lífeyrisskuldbindingar.*

**2. 1502210 - Fjárhagsáætlun 2016**

Vinnsla fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2016.  
Mismunandi sviðsmyndir fyrir árið 2016 lagðar fyrir bæjarráð.  
Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:35.**

*Ólafur Adolfsson  
Valdís Eyjólfsd.  
Ingibjörg Pálmadóttir  
Ingibjörg Valdimarsd.  
Vilborg Þ. Guðbjartsd.  
Regína Ásvaldsdóttir*